

Myrkir Músikdagar / Dark Music Days 2012

Tónleikar

Duo Landon

í Kaldalóni - Hörpunni í Reykjavík
27. janúar 2012 kl. 15.00
Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer

Efnisskrá / Program

Jónas Tómasson f. 1946	Furioso <i>frumflutningur</i>	2009
Þorkell Sigurbjörnsson f. 1938	Íslensk þjóðlög / Fiðlufrænkur Ísland farsælda Frón – Andante Yfir kaldan eyðisand – Andante Dýravísur – Allegro-ben marcato Sumri hallar – Adagio Kvölda tekur – Andante Ólafur reið með björgum fram (Mig syfjar) – Leggiero Krummi á skjánum – Moderato Björt mey og hrein – Andante Ólafur reið með björgum fram – Andante, Allegro	2002
Hildigunnur Rúnarsdóttir f. 1964	Tíu mínútur fyrir tvær fiðlur Allegro con spirito Moderato tranquillo Allegro ritmico Allegretto Andante Molto ritmico sempre Lento Moderato e dolce Allegro e ritmico Allegro vivo	2006
Atli Heimir Sveinsson f. 1938	Vorið er komið quasi „folk music“ vivo start together, then no synchronization, end independently quasi „folk music“ con brio, molto energico [án nafns]	2006
Finnur Torfi Stefánsson f. 1947	Dísulag III	2006

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík, fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaháskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada og gefið út geisladiska, meðal annars með öllum sönötum og partítum J.S. Bach fyrir einleiksfiðlu. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana.

„Tónn Hlífar er hreinn og tær og hún getur mótað hann að persónulegum stíl sérhvers verks og í anda þess tíma er það var samið. Bogastrokið er alltaf líflegt og nákvæmt og leikur hennar er tandurhrein. Hún er frábær fulltrúi tónelskandi þjóðar“.
(C. Potter, Wash.Post)

Martin Frewer nam stærðfræði við Oxford University, en sótti jafnframt einkatíma hjá fiðlukennaranum Yfrah Neaman. Eftir útskrift frá Oxford háskóla hélt hann fiðlunáminu áfram hjá sama kennara við Guildhall School of Music & Drama í London. Þá lærði hann einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Árið 1983 fluttist Martin til Íslands og hóf að leika með Sinfóníuhljómsveitinni hér.

Um aldamótin tók hann sér leyfi í hálf tveggja ár og vann þá sem hugbúnaðarhönnuður. Nú starfar hann bæði við hugbúnaðargerð hjá hátækni fyrirtækinu Völku og sem hljóðfæraleikari auk þess sem hann útsetur tónlist og stjórnar. Hann leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ýmsum kammersveitum og hópum.

Dúó Landon varð til þegar hinn þekkti fiðlu- og bogasmiður Christophe Landon bað þau Hlíf Sigurjónsdóttur og Hjörleif Valsson, sem bæði leika á fiðlu sem hann hefur smíðað, að leika *44 Dúó* eftir Béla Bartók inn á geisladisk. Diskurinn var gefinn út hér á landi, en megintilgangur Christophe var að nota hann til kynningar á hljóðfærum sínum. Tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins gaf þessum disk fimm stjörnur með orðunum „Þjóðleg innlifun á heimsmaelikvarða“.

Martin Frewer, sem einnig leikur á Landon fiðlu, hefur tekið við af Hjörleifi að leika í Dúóinu.

Í framhaldi af góðum viðtökum geisladisksins var hafin leit að tónverkum fyrir tvær fiðlur eftir íslensk tónskáld, en þessi hljóðfæraskipan er vinsæl á meginlandi Evrópu og mörg tónskáld hafa samið öndvegis verk fyrir hana. Í skrám Íslenskrar Tónverkamiðstöðvar fundust aðeins tvö verk fyrir þessa skipan, *Þjóðlög (Fiðlufrænkur)*, sem **Porkell Sigurbjörnsson** útsetti fyrir frænkurnar Dúllú og Steinu, og *Dísulag III* eftir **Finn Torfa Stefánsson**. *Duo Landon* bað því þrjú íslensk tónskáld að semja fyrir sig, hvert sitt tónverk. Þau urðu við því eins og hér greinir:

Hildigunnur Rúnarsdóttir: *10 mínútur fyrir 2 fiðlur*, frumflutt af Duo Landon í Listasafni Íslands á Myrkum Músíkdögum 2008.

Atli Heimir Sveinsson: *Vorið er komið*. Frumflutt af Dúó Landon á Stofutónleikum Listahátíðar í Reykjavík, í Listasafni Sigurjóns, í maí 2009.

Jónas Tómasson: Furioso – frumflutningur.

Hlíf Sigurjónsdóttir furthered her studies at the Universities of Indiana and Toronto and the Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons from the renowned violinist and teacher Gerald Beal in New York.

Hlíf has performed numerous concerts as a soloist and with various ensembles and orchestras and has premiered a number of works, some of which were dedicated to her. A double CD with her playing all 3 Sonatas and 3 Partitas for solo violin by J.S. Bach was released in August 2008.

Music critic at the Washington Post wrote: „*Hlíf Sigurjónsdóttir plays with a great purity of tone which she can tailor to the historical and individual style of the pieces she performs. Her bowing is always flexible and accurate, and her sense of pitch is precise. She is an excellent representative of music in a very musically intense nation*“.

Martin Frewer studied mathematics at Oxford University during which time he took violin lessons with Yfrah Neaman. After his degree Martin continued his violin studies at the Guildhall School of Music & Drama with Yfrah Neaman and learnt the viola with Nannie Jaimeson. In 1983 Martin moved to Iceland to join the Iceland Symphony Orchestra.

Around the turn of the century he took two and a half years break and worked as Software developer. Now he works mainly with music. He plays violin in Iceland Symphony Orchestra as well as various other groups. Martin also arranges and conducts.

The origin of **Duo Landon** reaches back to 2005 when the renowned French-born violin and bow maker Christophe Landon commissioned Hlíf Sigurjónsdóttir and Hjörleifur Valsson, who both play his instruments, to record the *44 Duos* by Béla Bartók for a CD which was released in 2006. Cecelia Porter, Music Critique of the Washington post wrote: "This recording should be at the top of the list for 2006 and beyond". Martin Frewer, who also plays Landon violin, has replaced Hjörleifur in the Duo.

Stimulated by the good reception of the CD, the members of the Duo began searching for Icelandic music written for two violins, a combination which is very popular on the continental Europe, and for which many composers have written excellent works. The files of Iceland Music Information Centre contained only two pieces for violin-duo; *Folk Songs* - arrangements by **Thorkell Sigurbjörnsson** and *Dísulag III* by **Finnur Torfi Stefánsson**. Consequently *Duo Landon* commissioned works for two violins from three Icelandic composers. These are:

Hildigunnur Rúnarsdóttir: *Ten minutes for two violins*. Premiered by Duo Landon in the National Gallery of Iceland as a part of the „Dark Music Days“ in February 2008.

Atli Heimir Sveinsson: *The spring is here*. Premiered by Duo Landon in Sigurjón Ólafsson Museum at Reykjavík Art Festival, May 2009.

Jónas Tómasson: *Furioso* – premiere.